

REGLUR

um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri, á vormisseri 2002.

Fjöldatakmörkun á 1. ári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verður beitt ef fjöldi innritaðra nemenda er 42 eða fleiri á haustmisseri árið 2001. Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 32 nemendur.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 5. mars 2001.

Háskólanum á Akureyri, 5. mars 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Jóhann Örlygsson
ritari háskólaráðs.

Nr. 292

22. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 319/1984 um þjóðgarðinn í Skaftafelli.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Náttúruvernd ríkisins til ráðgjafar starfar sérstök ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti forstjóri Náttúruverndar ríkisins sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Hornafirði og einn tilnefndur af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshluta. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 293

28. mars 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bjargslandi (Súluklettur 1 og 2), Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulagi sem felst í því að íbúðahúsalóðir við Súluklett 1 og 2 breytast úr einbýlishúsalóðum í tvíbýlishúsalóðir.

Breyting á deiliskipulaginu hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breyting á skipulaginu hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind breyting á deiliskipulaginu öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 28. mars 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

5. mars 2001

Nr. 294

REGLUR

um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri skólaárið 2001–2002.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 32.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Hjúkrunarfræði I (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (2 ein.)	15%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í *numerus clausus* er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeilda.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefist. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 32 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.